

Hverfisnefnd Brekkuskólahverfis
aðalfundur nefndarinnar
fimmtudagurinn 24. maí 2007, kl. 20-21:30
í Brekkuskóla

Fundargerð

Fundarstjóri: Hjörleifur Hallgríms
Fundarritari: Kristín Kjartansdóttir

Eftirfarandi tekið fyrir:

1. Árskýrsla formanns samþykkt.
2. Lögð fram tillaga nefndarinnar um breytingu á nafni nefndarinnar. Samþykkt að nefndin heiti nú Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar.
3. Eftirfarandi kjörin í nefndina: Anna Kristveig Arnardóttir, Pétur Halldórsson, Bjarni Sigurgarðarson, Hjörleifur Hallgríms, Kristján Víkingsson, Kristín Kjartansdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Börkur Þór Ottósson.
4. Bergljót og Kristín mæta á fund með stjórnarsýslunefnd um starfsemi hverfisnefnda n.k. miðvikudag 30.5.2006 kl.16.
5. Rætt um framtíðarstarf nefndarinnar. Hverfisnefndin stefnir á að fylgjast með framkvæmdum á tjaldsvæðinu, á Hamarskotstúninu og við andapoll.
6. Svar barst frá verkefnisstjóra umhverfismála vegna fyrirspurnar nefndarinnar um endurgerð á leikvöllum í hverfinu. Þar kemur m.a. fram að hefja eigi framkvæmdir á Hamarskotstúni fljótlega, þar sem koma á upp leiksvæði. Ákveðið að fá teikningar af svæðinu og fylgjast með þeim framkvæmdum.
7. Rætt um göngu-, hjólreiðaferðir og strætónotkun á svæðinu.

Fundi slitið